

Nr. 1359

13. desember 2018

## AUGLÝSING um breytingu á gjaldskrá Vatnsveitu Hveragerðis, nr. 118/2011.

### 1. gr.

#### 3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir vatnsgjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengjast Vatnsveitu Hveragerðis, sbr. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Vatnsgjaldið, ásamt öðrum tekjum vatnsveitunnar, stendur undir rekstri hennar.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,06% af fasteignamati fasteigna í A-flokki.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,17% af fasteignamati fasteigna í B- og C-flokki.

### 2. gr.

#### 4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir notkunargjald fyrir vatn sem er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, sbr. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Notkunargjaldið er miðað við notkun mælda í rúmmetrum.

Notkunargjald í Hveragerði frá og með 1. janúar 2019 er kr. 13 pr. rúmmetra vatns.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu auk þess greiða leigu sem innheimt er árlega vegna notkunar-mæla. Mælaleiga fyrir árið 2019 er:

Mælaleiga fyrir minni en 50 mm kr. 7.400.

Mælaleiga fyrir stærri en 50 mm kr. 29.300.

### 3. gr.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 13. desember 2018, sbr. 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og öðlast þegar gildi.

*Hveragerði, 13. desember 2018.*

**Aldís Hafsteinsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2019